

Skýrsla framkvæmdastjórnar um starfsemi Rekstrarfélags Sarps árið 2024

Ársskýrsla flutt á aðalfundi Rekstrarfélags Sarps haldinn í Reykjavík 27. maí 2025.

Landskerfi bókasafna hf. hefur umsjón með rekstri Rekstrarfélags Sarps í samræmi við þjónustusamning milli Landskerfis bókasafna hf. (LB) og Rekstrarfélags Sarps (RS).

Samstarf félaganna hófst haustið 2013 þegar RS óskaði eftir samtarfi við LB og gerður var þjónustusamningur þar um. Gildandi samningur var endurnýjaður í byrjun árs 2024 og gildir hann til 30. september 2027. Markmið samstarfs RS og LB er að samnýta aðföng og þekkingu í þeim tilgangi að stuðla að auknum gæðum skráningar í Sarp, betri upplýsingagjöf til eigenda og viðskiptavina, öflugri notendabjónustu, betra aðgengi almennings að gögnum auk þess að stuðla að áframhaldandi þróun Sarps. Í þjónustusamningnum felst að LB sér um daglegan rekstur, stjórnun, starfsmannahald, samningagerð, áframhaldandi kerfisþróun og notendabjónustu.

Skrifstofa RS er staðsett í húsnæði LB að Katrínartúni 4, Reykjavík.

Stjórnun félagsins

Samkvæmt samþykktum RS er stjórnun félagsins tvíþætt. Annars vegar skal félagið skipað níu manna fulltrúaráði og skal formaður koma frá Þjóðminjasafni Íslands. Hins vegar skal ráðið kjósa úr sínum hópi þriggja manna framkvæmdastjórn. Meginhlutverk fulltrúaráðs samkvæmt samþykktum félagsins er að ákveða stefnu þess, kjósa framkvæmdastjórn og hafa eftirlit með starfsemi RS.

Aðalfundur Rekstrarfélags Sarps var haldinn 27. maí 2024. Í fulltrúaráð voru kjörin: Þorbjörg Gunnarsdóttir, formaður og Ágústa Kristófersdóttir frá Þjóðminjasafni Íslands, Dagný Heiðdal og Steinunn Harðardóttir frá Listasafni Íslands, Anita Elefsen frá Síldarminjasafni Íslands, Berglind Þorsteinsdóttir frá Byggðasafni Skagfirðinga, Gerður Róbertsdóttir og Þorvaldur Gröndal frá Borgarsögusafni Reykjavíkur auk Elsu Guðnýjar Björgvinsdóttur frá Minjasafni Austurlands.

Fulltrúaráðið fundaði í kjölfar aðalfundar og kaus eftirtalin í þriggja manna framkvæmdastjórn: Ágústa Kristófersdóttir, formaður, Dagný Heiðdal og Gerður Róbertsdóttir. Varamenn voru kjörnir: Anita Elefsen, Steinunn Harðardóttir og Þorbjörg Gunnarsdóttir. Fulltrúaráð hélt einn fund á árinu 2024.

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum þess á milli funda fulltrúaráðs og aðalfundar. Meginhlutverk framkvæmdastjórnar samkvæmt samþykktum félagsins er að hafa eftirlit með rekstri þess og sjá til þess að skipulag og starfsemi sé í góðu horfi, að taka ákvörðun um veitingu notendaleyfa og setja gjaldskrá fyrir þjónustu félagsins.

Gjaldskráin, sem er í dag þrepaskipt og tekur mið af ársverkafjölda aðildarsafns er aðgengileg á heimasíðu félagsins. Gjaldið hækkar á milli ára í takt við vísitölu neysluverðs. Núverandi

gjaldskrá byggir á tillögum vinnuhóps sem var að störfum árin 2015-2016 og kom til framkvæmda árið 2017.

Gjaldskrá og fjármögnun félagsins til framtíðar litið var til umfjöllunar stjórnar á árinu og verður á fundinum sagt frá hugmyndum um skipun vinnuhóps sem vinni áfram að málinu.

Framkvæmdastjórnin hélt 9 fundi á árinu 2024.

Meginverkefni félagsins á árinu 2024 var innleiðing nýs Sarps, Sarps 4 sem byggir á MuseumPlus hugbúnaðinum frá fyrirtækinu Zetcom. Samningurinn við Zetcom var gerður á árinu 2023 að undangengnu útboði á EES. Stofnkostnaður reiknaðist á þáverandi gengi rúmar 42 m.kr. og árlegur rekstrarkostnaður 11 m.kr. fyrstu tvö árin en hækkar eftir það árlega um 2%. Samningstími er 8 ár með möguleika á tveggja ára framlengingu í tvígang þannig að hámarkslengd eru 12 ár.

Félagið tók virkan þátt í starfi MSHL (Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista) á árinu. Í því skyni var haldin kynning á Sarpi á DHNB (e. Digital Humanities in the Nordic & Baltic Countries) ráðstefnu sem haldin var í Reykjavík í samstarfi við MSHL.

Stjórn samþykkti tillögu MSHL um aðildarstofnanir fjármagni hluta stöðugildis miðstöðvarinnar. Í tillögunni felst að Rekstrarfélag Sarps greiðir 350 þús.kr. árlega árin 2025 og 2026.

Á haustdögum sendi félagið félagið inn umsókn í Innviðasjóð Rannís í gegnum MSHL vegna DAM (e. Digital Asset Management) kerfis. Byggt var á tilboði frá Fotoware (áður PicturePark) vegna Content Platform en svo heitir DAM kerfið og var stofnkostnaður áætlaður rúmar 27 m.kr. Þegar kom fram á nýtt ár kom í ljós að umsóknin hafði ekki fengið brautargengi og er það í annað sinn sem slíkt gerist. Eru það mikil vonbrigði þar sem DAM kerfi er nauðsynleg viðbót við nýjan Sarp til að geta haldið utan um og sýslað með skilvirkum hætti með margvöld gögn í stafrænum heimi. Hér er bæði í húfi hagræði og vinnusparnaður á söfnum og gott aðgengi leikmanna að safnkosti.

Starfsmannahald

Sveinbjörg Sveinsdóttir starfaði sem framkvæmdastjóri RS og LB en sérfræðingar LB sinntu afmörkuðum verkefnum og ráðgjöf við RS í um 60% starfshlutfalli.

Vala Gunnarsdóttir gegndi starfi fagstjóra Sarps og verkefnastjóri innleiðingar nýs Sarps og Anna Rut Guðmundsdóttir starfi sérfræðings og voru báðar í fullu starfi á starfsárinu. Helmingur af stöðugildi sérfræðings er fjármagnað í gegnum öndvegissstyrk sem fékkst úr safnasjóði fyrir árin 2022-2024. Bæði fagstjóri og sérfræðingur eru starfsmenn LB en sinna alfarið verkefnum fyrir RS sem greiðir allan útlagðan launa- og launatengdan kostnað samkvæmt reikningi.

Rekstur RS

Félagið var rekið á grundvelli fjárhagsáætlunar sem samþykkt var í upphafi starfsársins.

Hreinar rekstrartekjur af rekstri félagsins á ársinu 2024 námu 1 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna varð hagnaður að fjárhæð 5,1 m.kr.

Rekstrartekjur félagsins á árinu 2024 námu 76,2 m.kr. og skiptast í tekjur vegna notendaleyfissamninga, 52,6 m.kr. og styrki úr öndvegissjóði safnaráðs í gegnum Borgarsögusafn Reykjavíkur 4,8 m.kr., styrk úr innviðasjóði Rannís í gegnum Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista 17,1 m.kr. og verkefnastyrk úr safnasjóði 1,7 m.kr..

Rekstrarkostnaður ársins 2024 var 75,1 m. kr.. Hann skiptist í þrennt, rekstrarkostnað kerfis, 33,3 m.kr., laun og launatengdan kostnað, 23,6 m.kr. og annan rekstrarkostnað, 18,2 m.kr. Rekstrargjöld hækkuðu um 34,7% á milli ára en rekstrartekjur aðeins um 22,6%.

Eigið fé félagsins nam 85,5 m.kr. og heildareignir voru 99,9 m.kr. í lok árs 2024. Þar af eru 53,9 m.kr. bundnar í Þróunarsjóði sem settur var á laggirnar á aðalfundi félagsins árið 2017 og lítur sérstökum verklagsreglum líkt og kemur fram í skýringu 8 í ársreikningi. Tilgangur með sjóðnum er að gera félaginu kleift að leggja til hliðar fjármuni til að standa straum af kostnaði vegna stærri skrefa varðandi kerfisþróun Sarps og sarpur.is. Enn hefur ekki komið til þess að félagið þyrfti að ganga á þróunarsjóðinn. Félagið hefur allt fram stofnun þess greitt árlegt framlag í sjóðinn en á aðalfundi nú verður þar breyting á.

Veltufjárhlutfall sem er hlutfall skammtímaskulda af veltufé er 6,94.

Eiginfjárhlutfall þ.e. hlutfall eigin fjár af heildareignum er 85,6%.

Nánari upplýsingar er að finna í ársreikningi RS fyrir árið 2024.

Sarpur 4

Á árinu var unnið að innleiðingu arftaka Sarps 3 sem eins og fyrr sagði byggir á MuseumPlus kerfinu.

Vinnan hófst strax í upphafi árs og var sjónum í fyrstu beint að möppun gagna sem fyrirfram var vitað að yrði ekki neitt áhlaupaverk. Félagið naut aðstoðar forritara síns hjá Prógramm því ýmsar tilfæringar þurfti varðandi gögnin í Sarpi 3 svo þau væru tæk í yfirfærsluna. Fljótlega hófst undirbúningur fyrir vinnustofu um MuseumPlus sem haldin var í byrjun mars í húsakynnum félagsins með stórum hópi fulltrúa safna. Starfsmenn Zetcom leiddu vinnustofurnar. Þar voru möguleikar kerfisins kynntir og teknar ákvarðanir um skráningarsnið og stillingar og kerfishögun. Verk- og tímaáætlun var samþykkt í mars.

Snemma fór af stað vinna við skilgreiningar og prófanir á samþættingum við ytri kerfi á borð við Þjóðskrá, fasteignaskrá, bóksafnakerfið Gegni og rafræna auðkenningu island.is og stóð hún frameftir árinu. Stöðugt var fundað um möppun gagna á milli kerfa, gagnayfirfærslur og prófanir og stóð sú vinna sleitulaust allt árið. Fjallað var um meðferð efnisorða, þýðingar á íslensku og fjölmargt annað. Lögð var áhersla á stuðning við íslenskuna í leit og röðun niðurstaðna og lista. Og er þá fátt eitt talið.

Ítrekaðir tafir urðu á gagnayfirfærslunni af hálfu verksala og urðu málalyktir þær að verkefnið var endurskipulagt í september og skipt var um fólk í brúnni hjá verksala. Á meðan á þessu stóð skapaðist nokkur óvissa í verkefninu en fljótlega fóru áherslubreytingarnar að skila tilætluðum árangri. Drátturinn í gagnaflutningum hafði það í för með sér að aðrir þættir verkefnisins töfðust. Verkáætlun var í kjölfarið endurskoðuð og skerpt á ábyrgðum og verkþáttum einkum varðandi ytri vef eMP en vinna við hann hófst ekki fyrr en á árinu 2025. Þáverandi forstjóri Zetcom og stofnandi kom inn sem eigandi verkefnisins, mótspilari hans hjá RS var framkvæmdastjóri. Til að hægt yrði að standa við áætlun um gangsetningu kerfisins varð að þjappa saman útistandandi verkþáttum og jókst við það vinnuálagið í verkefninu. Viðtökuprófanir sem voru áformaðar haustið 2024 frestuðust á endanum fram á þetta ár.

Verkefnahópsfundir voru haldnir reglulega sem og fundir í stýrihópi auk fjölmargra samráðsfunda. Í verkefnahópinum bættist Ólöf Bjarnadóttir sérfræðingur í skráningu á Þjóðminjasafni en þar sátu fyrir Dagný Heiðdal, Gerður Róbertsdóttir, Þorvaldur Böðvarsson, Anna Rut Guðmundsdóttir og Vala Gunnarsdóttir verkefnastjóri. Í stýrihópi sátu af hálfu félagsins formaður, framkvæmdastjóri og verkefnastjóri, og verkefnastjóri og eigandi verkefnisins af hálfu verksala.

Kallað var eftir tilboði frá Zetcom í smíði þjóðháttalausnar í nýjum Sarpi. Stofnkostnaður er um 4 m.kr. á núverandi gengi. Árlegur rekstrarkostnaður vegna viðhalds lausnarinnar eru tæpar 380 þús.kr.. Stofnkostnaðurinn verður greiddur af Þjóðminjasafni og RS í jöfnu hlutfalli, en lausnin mun standa öllum notendum til boða. Var þetta eina aukaverkið í verkefninu sem samþykkt var á árinu.

Haldnar voru kynningar á nýja Sarpi á vofundi höfuðsafna og á farskóla safnamanna að hausti. Þar voru jafnframt haldnar tvær vinnustofur um Sarp 4. Tilgangurinn var að vekja áhuga á nýja kerfinu og tala fyrir bættu/breyttu verklagi á söfnum með notkun kerfisins. Markmiðið er að Sarpur 4 verði vinnutæki flestra starfsmanna og ekki aðeins þeirra sem sinna skráningu.

Upphaflega var áætlað að gangsetja Sarp 4 í byrjun september 2025 en nú er miðað við að það verði seinnihluta október. Seinkun nemur því á bilinu sex til átta vikum. Og vinna bæði verkkaupa og verksala umtalsvert meiri en áætlað var.

Af vettvangi kerfisþróunar, viðhalds og reksturs Sarps 3

Prógramm ehf. sá um forritun vegna viðhalds Sarps 3 samkvæmt gildandi samningi. Sem fyrr var vinnan unnin undir handleiðslu fagstjóra Sarps.

Á árinu voru ekki gerðar neinar hefðbundnar kerfisuppfærslur, lagfæringum og breytingum var haldið í algjöru lágmarki og eingöngu gerðar ef villur voru að stoppa notendur við sín störf. Vinna Prógramm á árinu snérist að langmestu leiti um hreinsun gagna í Sarpi 3 og aðstoð við gagnaflutninga í MuseumPlus. Verkefnin voru fjölbreytt en á meðal stærri viðfangsefna má t.d. nefna að keyra „html texta hreinsanir“ á alla texta kerfinu og keyrslur til að finna „týndar ljósmyndir“ í gagnagrunninum.

Fyrirtækið Þekking sem séð hefur um hýsingu Sarps 3 varð á árinu hluti af Wise, sem tók yfir skyldur Þekkingar.

Skráningarráð Sarps og skráningarhandbók

Skráningarráð Sarps fundaði einu sinni á árinu. Hlutverk ráðsins, sem hefur verið starfrækt frá árinu 2015, er að stuðla að samræmingu og gæðum skráninga í Sarp. Meginverkefni ráðsins er umsjón með skráningarhandbók Sarps auk þess sem ráðið ályktar um álitamál sem varða skráningu. Á fundinum voru gagnaflutningarnir ræddir og umræður um flokkunarkerfi (yfirflokk) sem að munir, ljósmyndir, skjöl og bækur gætu nýtt sér. Aðrar aðfangategundir í kerfinu eru þegar með flokkunarkerfi. Rætt var um að fá fulltrúa frá Náttúruminjasafni Íslands í Skráningarráð.

Í ráðinu sátu árið 2024: Þorvaldur Böðvarsson frá Þjóðminjasafni Íslands sem formaður, Anna Lís Guðmundsdóttir frá Borgarsögusafni Reykjavíkur, Elín Guðjónsdóttir frá Listasafni Íslands, Lýður Pálsson frá Byggðasafni Árnesinga og Nanna Þóra Áskelsdóttir frá Byggðasafninu í Görðum á Akranesi.

Fjöldi notenda – nýir notendur - umfang gagnasafnsins – heimsóknir á vefi

Haustið 2024 bættist Listskreytingasjóður ríkisins í hóp aðildarsafna Sarps. Nokkrar stofnanir sögðu upp notandaleyfissamningum þar með talin Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum sem hefur verið í eigandahópi félagsins frá upphafi. Stofnunin gaf þá skýringu á uppsögninni að þau vilji einbeita sér að viðhaldi og þróun gagnagrunna innanhúss í bili. Mikil eftirsjá er að því að örnefnasafnið hverfi nú úr gagnasafni Sarps. Mótorhjólasafn Íslands, Steinshús og Snjáfjallasetur sögðu einnig upp sínum notandaleyfissamningum.

Greiðendur í lok árs voru alls 60 talsins, þar af voru 38 með sameignaraðild að félaginu.

Í maí 2025 eru samtals 222 notendur skráðir með virkan aðgang á innri vef Sarps 3 miðað við 272 virka notendur á sama tíma í fyrra og er skýringarinnar m.a. að leita í tiltekt í notendaskrá. Þar af eru 14 aðgangar tengdir viðhaldi og daglegum rekstri kerfisins þ.e. ekki starfsmenn aðildarsafna. Um 81% eða 180 notendur voru með kerfisaðgang sem gerir kleift að bæði lesa, skrá og breyta eldri færslum einhvers aðfangs í Sarpi (*B – breytinga- og skráningaraðgangur*). Sautján notendur eða 8% eru með leyfi til að nýskrá en ekki breyta og lagfæra eldri skráningar, nema sínum eigin (*S-skráningaraðgangur*) og 5% eða 11 notendur eru með eingöngu lesaðgang að kerfinu (*L - lesaðgangur*).

Ákveðið var að færa ekki notendaaðganga yfir í gagnaflutningum heldur stofna þá í nýja kerfinu, það er vegna flókinna notendaheimilda sem búið er að setja upp í nýja kerfinu og er þetta einfaldari leið. Þá gefst í leiðinni einnig tækifæri hjá söfnum að „taka til í eigin notendum“ t.d. starfsmenn sem eru hættir störfum á safninu.

Heildarfjöldi skráðra aðfanga í Sarpi í maí 2025 eru 1.760.130 og er það aukning um 4,96% frá síðasta ári. Þar af eru 1.248.034 aðföng birt á sarpur.is í maí 2025 sem er aukning um 5.86% á ytri vef.

Nýskráningar ársins 2024 voru 77.915 og gerðar voru breytingar á 235.228 eldri færslum (þ.e. uppfærðar upplýsingar eða settar inn ljósmyndir).

Tölfræðiupplýsingarnar um skráningar koma úr skýrslugerðartæki sem var búið til árið 2020 og sækir gögn beint úr kerfinu.

Á árinu 2024 voru heimsóknir á sarpur.is 126.000 talsins sem er nokkur fækkun frá fyrra ári þegar þær voru 192.000 talsins. Síðuflettingar voru hins vegar 1,3 milljónir talsins og er það nánast sama tala og árið á undan. Notendur voru að meðaltali 03:45 mínútur inni á vefnum í hvert skipti sem er um 1 mínútu styttra að meðaltali samanborið við árið á undan. Flestir þeirra sem sækja vefinn heim eða 56% ratar inn á hann í gegnum leitarvél á borð við Google. Um 23% fara í gegnum samfélagsmiðla, 18% fara beint inn á vefslóðina og um 3% í gegnum ýmiskonar tengla t.d. á heimasíðum safna, fjölmiðlum eða tölvupósti. Á árinu 2024 bættust við 8 sýningar á sarpur.is. Alls voru því 106 sýningar í birtingu á sarpur.is í árslok 2024.

Kennsla og notendabjónusta

Innleiðing nýs Sarps var í forgangi á árinu og því voru ekki haldin eiginleg námskeið í Sarpi 3 árið 2024. Nýir notendur fengu sent kennslumyndband og annað kennsluefni og ef eitthvað var óljóst eftir þá yfirferð var frekari spurningum svarað símleiðis eða á stuttum Teams fundum.

Lokaorð

Árið 2024 einkenndist af undirbúningsvinnu fyrir ár kerfisopnunar – árið 2025. Mikil vinna fór í að hreinsa, endurskipuleggja og mappa gögn, kynna kerfið fyrir notendum og hefja fyrstu gagnaflutninga. Ýmislegt hefur þurft að laga og bæta en á heildina litið er stjórnin ánægð með árangurinn – og hér í miðri á lítur þetta vel út. Það er tilhlökkunarefni að taka Sarp 4 í notkun nú í haust og við bindum vonir við að hann mæti væntingum safnafólks og helst gott betur.

Við vissum frá upphafi að verkefnið væri flókið og mörg úrlausnarefni í kortunum. Eitt þeirra var höfundarréttur á myndefni á ytri vef. Fundir með Myndstefi hafa skilað jákvæðum niðurstöðum og vill stjórnin sérstaklega þakka Listasafni Íslands og Þjóðminjasafni fyrir að leiða það samtal í upphafi.

Stjórn Rekstrarfélags Sarps hefur trú á því að samvinna og samtakamáttur skili góðri niðurstöðu. Þó ekki verði hægt að uppfylla allar óskir um sérlausnir trúum við því að það að tilheyra stóru, alþjóðlegu notendasamfélagi sé mikilvægara en að fá sínar sértækustu þarfir uppfylltar. Sameiginlegur gagnagrunnur tryggir samfellu og skynsamlega nýtingu mannaúðs

og fjármuna. Þar eru það stærri söfnin sem bera meginbyrðarnar, en minni söfn njóta góðs af sterkari innviðum. Jafnframt bætir einn ytri vefur aðgengi almennings að menningararfi okkar. Síðast en ekki síst er það samfellan í Sarpi sem við erum stolt af. Í gagnagrunninum má finna færslur sem slegnar voru inn í allt annað kerfi seint á síðustu öld, en vegna þess að Sarpi hefur verið haldið lifandi og hann ræktaður og efldur eru þær færslur enn í fullu gildi. Í grafreit aflagðra gagnagrunna má finna mörg dagsverk sem hvergi koma að notum í dag – og oft er verið að skrá sömu upplýsingarnar aftur og aftur. Sarpur er liður í því að sporna gegn slíkri sóun á starfskröftum og fjármagni.

Framkvæmdastjórn vill þakka fulltrúaráði og aðildarsöfnum Sarps fyrir gott samstarf á árinu. Að endingu eru Sveinbjörgu Sveinsdóttur framkvæmdastjóra, Völu Gunnarsdóttur fagstjóra, Önnu Rut Guðmundsdóttur og öðrum starfsmönnum Landskerfis bókasafna færðar þakkir fyrir heilladrjúg störf í þágu félagsins og hvatning nú á lokametrinum í þessu stóra verkefni.

F.h. framkvæmdastjórnar Rekstrarfélags Sarps

Ágústa Kristófersdóttir, formaður
Dagný Heiðdal, gjaldkeri
Gerður Róbertsdóttir, ritari